

Ed.

635. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mörg undanfarin þing hefir frv. um færslu kjördags verið til umræðu án þess að þær breytingar hafi náð samþykki þingsins.

Ástæðan, sem færð er fram fyrir flutningi kjördagsins frá 1. vetrardegi fram í júlí, er sjerstaklega sú, að illviðri geti hamlað kjörfundarsókn í norðursveitum landsins, og því beri að flytja hann til þess tíma árs, sem minni er illviðrahætta. Að vísu er nú ekki hægt að umflýja illviðrahættuna, því vel geta illviðri, jafnvel stórhriðir, skolið á í júlímánuði, sem hindri kjörfundarsókn, og ólíku betur mundi kjörfundur sóttur í hreinviðri á haustdegi en í slagviðri, þótt á sumardegi væri. Og það eru fult eins miklar líkur til þess, að stórrígning verði á hinum fyrirhugaða kjördegi í júlí eins og stórhrið hinn 1. vetrardag.

Þegar þetta mál var til umræðu 1909, þá var Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga, frsm. nefndar þeirrar, er athugaði málið. Segir hann um þetta (Alþt. 1909, B. 937):

»Sannast að segja er kjördagur sá, sem nú er í lögum (10. septbr.), haganlegur fyrir mikinn hluta landsins, t. d. Norðurland og Austurland, en vegna sjómannastjettarinnar á Suðurlandi og Vesturlandi hefir nefndin þó fallist á að færa kosninguna lengra fram á haustið. Og dugir þá varla minni færsla en til 20. oktbr., sökum haustanna, er kalla að fram að því tímatakmarki.

Sigurður Sigurðsson ráðunautur (1. þm. Árn.) segir við 1. umr. málsins (Alþt. 1909, B. 933—934).

»Því væri ástæða til að ihuga, hvort ekki mundi jafnvel henta, að kjördagurinn yrði færður enn lengra aftur, t. d. til 1. nóv. eða seint í okt.« Hann nefnir og fyrstur manna, í sömu ræðunni, 1. vetrardag sem hentugan kjördag. Enda flytur S. S. þá brtt., að kjördagur skuli vera hinn fyrsta dag nóvembermánaðar.

En nefndin (Jóh. Jóh., Ól. Briem, Eggert Pálsson, Jón Þorkelsson og Þorl. Jónsson) flytur tillögu um, að 1. vetrardagur skuli vera framvegis kjördagur við reglulegar kosningar til Alþingis. Segir um þetta í nefndarálitinu (A. 1909, þskj. 119):

»Að öllu athuguðu er það tillaga nefndarinnar, að almennur kjördagur sje ákveðinn fyrsti vetrardagur«.

Framsögum. nefndarinnar var Ól. Br., eins og fyr segir.

Varla eru þeir mikið kunnugri á Norðurlandi, sem nú tala hæst um flutning kjördags vegna Norðlendinga, heldur en Ól. Br., sem segir, að 10. sept. sje »haganlegur« fyrir Norður- og Austurland og telur vel gerlegt að hafa þeirra vegna 1. vetrardag, og leggur það til, »að öllu athuguðu«.

Það hefir verið haft á móli því, að kjördagar sjeu tveir, annar fyrri part sumars fyrir sveitirnar, en hinn 1. vetrardag fyrir kaupstaðina, að svo langur tími líði á milli kosninga í sveitum og kaupstöðum. Minni hluti telur þessa ástæðu ekki veigamikla, en slíkar mótbárur verða einskis virði, ef kjördagur í sveitum væri 10. september og kjördagur í kaupstöðum 1. vetrardagur. Mætti þá fresta að telja upp atkvæði sveitahjeraðanna til 1. vetrardags, og kemur þá samtímis vitneskja um kosningaúrslit á öllu landinu.

Er flutt um þetta breytingartillaga.

Einnig þykir minni hlutanum rjett, að kjördagur sje lögákveðinn hvíldardagur, og er tillaga um það.

Minni hluti allsherjarnefndar vill því til samkomulags gera á frumv. svofeldar

BREYTINGAR:

1. 1. gr. frv. skal orða svo:

23. gr. laganna skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn fyrsti vetrardagur í kaupstöðum þeim, sem eru sjerstakt kjördæmi, en í öðrum kjördæmum skal kjördagur vera hinn 10. september, nema það sje sunnudagur; þá skal kosið laugardag 9. september.

Bæði er þetta á sjer stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna (síðari) kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi farið fram á þeim degi.

2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Kjördagur við almennar reglulegar kosningar skal vera lögákveðinn almennur hvíldardagur.

Alþingi, 14. maí 1929.

Jón Baldvinsson,
form., frsm. minni hl.